

Símafundur stjórnar FHB 11.mars 2018

1. Umfjöllun um heiðursfélaga Félags hrossabænda í Stóðhestabókinni ætla að tala við Bjarna Þ fá að nota hans grein – kostar að við kaupum umfjöllun svipað og auglýsingu.
2. Búnaðarþing – hækkun viðmiðunar á veltu í c-aðild að BÍ.
3. Fundarferð FHB húnaþing 19.mars – vesturland 20.mars þurfum að setja okkur í sambandi við Unnsteinn og fá HrossVest á fundinn - Suðurland 21.mars.
4. Fundir með Þorvaldi vegna endurskoðunar dómaleiðara og markmiða 28. mars og 5. Apríl
5. Hrossaræktarbú ársins 2017.
6. Önnur mál.

Mætt voru Sveinn, Vignir, Jón Bjarni, Magnús, Eysteinn og Hallveig sem ritaði fundargerð.

Sveinn:

- 1) stuðningur við Stóðhestabókina: beiðni um stuðning barst og leist fundarmönnum vel á að verða því. Lýstu yfir ánægju með að bókinn væri enn að koma út. Samþykkt að styrkja útgáfuna um 50.000.
- 2) Tillaga Sveins og Vignis var lögð fyrir búnaðarþing. Viðmiðin eru of lág fyrir meginþorra hrossaræktenda. Tillagan var ekki lögð fram til kosninga á þinginu heldur verður tekið til umræðu hjá stjórn B.Í.
- 3) Fundarferð, framhald – fundarmönnum líst vel á dagsetningarnar 19, 20 og 21 mars (mánudagur, þriðjudagur og miðvikudagur) og klukkan 20:00 væri góð tímasetning.
- 4) Fundir 28. mars og 5. apríl hjá Sveini og Þorvaldi, stefnt á að senda fundina beint út á Facebook og þá geta áhugasamir fylgst með og jafnvel sent inn fyrirspurnir í gengum facebook.
- 5) Hrossaræktarbú ársins 2017. Umræður hafa verið um valið en Sveinn sagði að fagráði hefði ekki verið kunnugt um að ræktanda hrossa hafi verið breytt eftir að þau komu í dóm, en reglur núverandi valsins heimiluðu að uppruni hrossa hjá einstökum ræktenda gætu verið frá fleiri ein einu býli en talsverð umræða um þann hluta reglanna . Reglunum hefur nú verið breytt. Umræða varð um þetta mál og bað Sveinn fundarmenn um að fara yfir og rýna nýju reglurnar. Vangaveltur komu upp um hvort þeir sem koma til greina sem ræktunarmenn yrðu að vera í FHB, sbr. Verðlaun hjá LH sem einungis eru veitt þeirra félagsmönnum. Ekki er grundvöllur fyrir þeim takmörkunum á meðan BÍ sér um að veita verðlaunin. Reglurnar þurfa að vera skýrar.
- 6) Önnur mál: Eysteinn minni á að eftir er að tilnefna fulltrúa í landsliðsnefnd. Rætt um mögulega fulltrúa.
- 7) Formaður greindi frá því að Keldur hefðu fengið styrkur v. sumarexems – Rannís veitti styrk sem sótt var um og er til 3ja ára þannig að verkefnið heldur áfram. Grein kemur í bændablaðið um stöðuna og næstu skref í verkefninu.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið